



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stýrihóp vegna innleiðingar matarstefnu**

Á fundi borgarráðs þann 19. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

*Hvenær er gert ráð fyrir að skipað verði í stýrihóp vegna innleiðingar matarstefnu Reykjavíkurborgar? Á síðasta kjörtímabili tókst ekki að klára endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar, og ekki hefur enn verið skipað í hann að nýju. Mikilvægt er að hópurinn taki starfa sem fyrst svo ekki verði endað í sömu stöðu og síðast, að vinnan klárast ekki fyrir kosningar.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 25. janúar sl.

#### **Svar:**

Að undanfögnu hefur verið unnið að undirbúningi að erindisbréfi fyrir nýjan stýrihóp um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar. Erindisbréfið er tilbúið og lagt fram í borgarráði 16. febrúar 2023. Stýrihópurinn mun því taka til starfa í kjölfarið. Helstu verkefni verða að endurskoða og uppfæra matarstefnu Reykjavíkurborgar frá 2018-2022, endurskoða og uppfæra aðgerðar- og innleiðingaráætlun matarstefnunnar og undirbúa þátttöku Reykjavíkurborgar í Milan Urban Food Policy Pact.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari